


Síða 1 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun SÁLF2IS05 – haustönn 2018	

Kennari: Anna Eir Guðfinnudóttir	Netfang: annaeir@fva.is
--	-----------------------------------

Námsgögn:

Almenn sálfræði: Hugur, heili, hátterni (2008). Höfundar: Aldísi Unni Guðmundsdóttur og Jörgen Pind. Farið verður yfir efni úr köflum 1 - 4 og 10. Athugið að mikilvægt er að vera með nýjustu útgáfu bókarinnar!

Annað efni frá kennara.

Lýsing:

Áfanginn er einskonar kynning á sálfræðinni sem vísindagrein og viðfangsefnum hennar. Kynnt er saga sálfræðinnar, helstu sálfræðistefnur, frumkvöðlar innan greinarinnar og rannsóknaraðferðir. Farið er í námssálarfræði þar sem kynntar eru viðbragðsskilyrðingar, virkar skilyrðingar og hugrænt nám. Einnig er fjallað ítarlega um minni. Tekin er fyrir þrískipting minnisins og mismunandi minnistækni.

Eftir því sem færi gefst er rætt um ýmis viðfangsefni og vandamál daglegs lífs.

Markmið (þekking, leikni, hæfni) áfangans er að nemendur:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:


- algengustu grunnhugtökum, viðfangsefnum og sjónarmiðum sálfræðinnar
- sögulegum uppruna og þróun sálfræði og tengslum hennar við aðrar fræðigreinar
- helstu rannsóknaraðferðum sálfræðinnar og hagnýtu gildi hennar
- helstu kenningum og hugtökum um nám
- helstu kenningum og hugtökum um minni
- leiðum sálfræði til að útskýra hugsun, hegðun og tilfinningar einstaklinga

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina viðfangsefni sálfræðinnar út frá mismunandi sjónarmiðum greinarinnar
- skoða sína eigin hegðun og annarra út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar
- beita mismunandi rannsóknaraðferðum við upplýsingaöflun í sálfræði
- beita hugtökum námssálarfræðinnar og greina mismunandi aðferðir til náms
- tjá sig í ræðu og riti

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skipuleggja og framkvæma sálfræðitengdar rannsóknir og miðla niðurstöðum í skýrslum og fyrirlestrum

Síða 2 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun SÁLF2IS05 – haustönn 2018	

- vinna kerfisbundið og rétt með heimildir
- hafa áhrif á mótun hegðunar annarra á árangursríkan hátt
- bæta námstækni sína og minnstækni

Námsmat:

Í áfanganum er símat sem skiptist í eftirfarandi þætti:

- 5 hlutapróf (10% hvert) (**50%**)
- rannsókn og skýrslugerð (**20%**)
- tímamótarannsóknir í sálfræði (**20%**)
- mæting og þátttaka í tímum (**10%**)

Til þess að standast áfangann þarf nemandi ná að lágmarki 5 (45–54%) úr hlutaprófum og að lágmarki 5 (45–54%) samanlagt úr öllum námsþáttum áfangans.

Tími við nám:


(Áætlað fyrir alla önnina)

- Tímasókn: 60 klst.
- Heimavinna: 40 klst.
- Undirbúningur fyrir próf: 10 klst.

Alls: 110 klst.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

- Ekki er gefinn frestur á verkefnaskilum nema í algjörum undantekningartilfellum.
- Sé nemandi veikur þegar próf eru getur nemandi tekið prófið í lok annar (í 19. eða 20. viku) eða í samráði við kennara.
- Öll venjuleg verkefnaskil verða í gegnum Innu og aðeins tekið við verkefnum í þar til gerðar möppur. Athugaðu því vel hvenær þær loka!
- Gangi samstarf í hópaverkefnum illa af einhverri ástæðu skal ræða það sem fyrst við kennara svo hægt sé að leita lausna.
- Lágmarksviðurlög við ritstuldi, svindli eða óheimilli samvinnu er að hljóta 0 í einkunn fyrir viðkomandi ritgerð/verkefni/próf.

Síða 3 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun SÁLF2IS05 – haustönn 2018	

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmat
34	20.8-24.8	Kafli 1	
35	27.8-31.8	Kafli 1	Kaflapróf úr 1. kafla
36	3.9-7.9	Kafli 2	
37	10.9-14.9	Kafli 2	
38	17.9-21.9	Kafli 2	Kaflapróf úr 2. kafla
39	24.9-28.9	Kafli 10	
40	1.10-5.10	Kafli 10	
41	8.10-12.10	Kafli 10	
42	15.10-17.10	Kafli 10. Miðannarfrí 18. og 19.	Kaflapróf úr 10. kafla
43	22.10-26.10	Kafli 3	
44	29.10-2.11	Kafli 3	Skýrsla
45	5.11-9.11	Kafli 3	Kaflapróf úr 3. kafla
46	12.11-16.11	Kafli 4	
47	19.11-23.11	Kafli 4	
48	26.11-30.11	Kafli 4	Kaflapróf úr 4. kafla
49	3.12-7.12	Verkefnavinna	
50	10.12-14.12	Verkefnavinna	Kynning
51	17.12-18.12	Prófsýning og sjúkrapróf.	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.